



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **WORLD PRIDE, DANSKA ÞJÓÐÞINGIÐ, DÖNSKU KRÓNPRINSHJÓNIN OG JÓNSHÚS**

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú halda til Kaupmannahafnar og dvelja þar dagana 18.–20. ágúst.

Ferðin er farin í tilefni af „World Pride“ hátíðinni sem fram fer í Kaupmannahöfn og Málmey 12.–22. ágúst. Forseti flytur setningarræðu á alþjóðaráðstefnu um mannréttindi í Øksnehallen í Kaupmannahöfn 19. ágúst. Þann 20. ágúst heldur hann svo framsöguræðu á Þjóðþinginu danska á alþjóðlegum viðburði, „Interparliamentary Plenary Assembly“ sem rúmlega 200 stjórnámálamenn frá 53 löndum sækja.

Eliza Reid forsetafrú mun halda ávarp á ráðstefnunni „Refugees, Borders and Immigration“ í Málmey í Svíþjóð 20. ágúst þar sem sjónum verður beint að stöðu hinsegin flóttafólks og hælisleitenda.

Meðan á Danmerkurdvöl forsetahjónanna stendur munu þau funda með Friðriki, krónprins Dana, og Mary krónprinsessu sem er verndari World Pride hátíðarinnar í Kaupmannahöfn.

Auk þess sækja forsetahjónin Jónshús heim og hitta þar Íslendinga búsetta í Danmörku.

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249).*